

Fundur í fagráði nautgriparæktar 19. október 2016

Fundargerð

Fundurinn var símafundur og hófst kl. 10.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Gunnar Kr. Eiríksson, Pétur Diðriksson, Þórarinn Leifsson, Björn S. Gunnarsson, Baldur Helgi Benjamínsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Umsóknir í þróunarsjóð
 - a. Framleiðsla á undirburði í bása fyrir kýr úr mykju
 - b. Hníslar í ungkálfum
 - c. Einangrunarstöð v. innflutnings á erfðaeefni úr Aberdeen Angus holdagripum
 - d. Myndun á grunnerfðahópi fyrir erfðamengisúrval í íslenska kúastofninum
 - e. Þróun fjósbygginga og mjaltatækni 2015-2017
 - f. Samyrkjufjós í mjólkurframleiðslu
3. Önnur mál

1. Fundarsetning

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum. Fundargerð, dags. 29 .september 2016, samþykkt án athugasemda, en áður hafði hún verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Umsóknir í þróunarsjóð

Guðný Helga fór yfir umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar sem að þessu sinni eru sex.

a. Framleiðsla á undirburði í bása fyrir kýr úr mykju

Umsókn frá Sigurði Baldurssyni. Verkefnisstjóri er Axel Sigurðsson.

Pressun þurrefnis úr mykju til framleiðslu undirburðar í bása hefur verið notuð víða um heim í langan tíma en ekki verið reynd á Íslandi áður. Markmið verkefnisins er að skoða hvort mykjutrefjar séu áhugaverður valkostur þegar verið er að byggja ný fjós og/eða þegar dýnur í eldri fjós eru endurnýjaðar. Skoða á hvort aðferðin hefur áhrif á legutíma kúnna, líftölu í mjólk, tíðni júgurbólgu, frumtölu og hreinleika kúnna.

Afgreiðsla: Fagråd telur ekki rétt að styrkja verkefnið þar sem sambærileg þekking er til í ríkum mæli erlendis og því hægt að staðfæra hana upp á héraðar aðstæður. Auk þess bendir fagråd á að verkefnið feli ekki í sér þróun aðferða né aukna öflun þekkingar og falli því ekki vel að markmiðum þróunarsjóðsins.

b. Hníslar í ungfálfum

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Charlotta Oddsdóttir. Markmið verkefnisins er að skoða þætti varðandi aðbúnað og atlæti til að tryggja heilbrigði ungfálfa en fódurbreytingar, flutningar milli stía eða bæja og þéttleiki geta valdið því að smitsjúkdómar ná sér á strík. Hnísลาสótt er dæmi um slíkan smitsjúkdóm og sjáist einkenni skítu er of seint að meðhöndla viðkomandi gripi. Sjúkdómurinn veldur miklu fjárhagslegu tjóni þar sem hann kemur upp. Með því að þekkja hvaða hníslategundir eru mest áberandi í ungfálfum og hvenær þeir smitast verða fyrirbyggjandi meðhöndlunar bæði markvissari og hagkvæmari.

Afgreiðsla: Fagráð er á því að um áhugavert verkefni sé að ræða og leggur til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 2.000.000 eða sem nemur rekstarkostnaði verkefnisins samkvæmt umsókn.

c. Einangrunarstöð v. innflutnings á erfðaeftni úr Aberdeen Angus holdagripum

Umsókn frá Nautgriparæktarmiðstöð Íslands. Verkefnisstjóri er Sveinn Sigurmundsson. Markmið verkefnisins er að mynda ræktunarkjarna holdagripa til framleiðslu erfðaeftnis sem allir nautgriparæktendur í landinu eiga kost á að nýta.

Afgreiðsla: Allir fagráðsmenn eru vanhæfir til að afgreiða þessa umsókn og fagráð vísar henni því til afgreiðslu Framleiðnisjóðs. Málafni holdanautafamleiðslunnar og nauðsyn þess að efla hana hefur lengi verið til umfjöllunar hjá fagráði. Framleiðnisjóði til upplýsingar bendir fagráð á eftirfarandi bókun sína varðandi innflutning erfðaeftnis holdanauta, dags. 10. okt. 2013: „Fagráð í nautgriparækt lýsir áhyggjum af þeirri stöðu sem framleiðsla nautakjöts í landinu er í og lýst er í skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslu á Íslandi. Fagráðið telur að innflutningur erfðaeftnis sé forsenda þess að hægt sé að halda uppi sjálfbæru ræktunarstarfi í holdanautastofninum þannig að möguleiki sé á að auka magn, gæði og hagkvæmni íslenskrar nautakjötsframleiðslu og leggur því áherslu á að holdanautastofninn í landinu verði kynbættur með innflutningi erfðaeftnis svo fljótt sem kostur er. Fagráð leggur jafnframt áherslu á að sú leið sem verði valin til að flytja inn erfðaeftni raski ekki dýraheilbrigði í landinu.“

d. Myndun á grunnerfðahópi fyrir erfðamengisúrval í íslenska kúastofninum

Umsókn frá Bændasamtökum Íslands. Verkefnisstjóri er Baldur Helgi Benjamínsson. Verkefnið er fyrsta skrefið í hugsanlegri innleiðingu á erfðamengisúrvali í íslenskrum nautgriparækt. Markmiðið er að mynda grunnerfðahóp með greiningu lífsýna úr 48 afkvæmaprófuðum nautum sem verið hafa á Nautastöð B1 og eiga hvert um sig tölverða erfðahlutdeild í stofninum. Erfðamengisúrval mun valda mestu byltingu í kynbótastarfi í nautgriparækt sem orðið hefur um áratuga skeið ef ekki frá upphafi. Aðferðin mun ýta hefðbundnum afkvæmaprófunum til hliðar, stytta ættliðabil og stórauka erfðafamfarir. Því til viðbótar virðist ljóst að þessi aðferð dregur verulega úr kostnaði við framkvæmd ræktunarstarfsins. Það er því mikilvægt að fá úr því skorið hvort úrval á grunni erfðamengis sé mögulegt í íslenskrum nautgriparækt þegar við blasir að samkeppnishæftni íslenskrar nautgriparæktar minnkar verulega með ári hverju þar sem aðferðin er nú notuð í öllum helstu nautgriparæktarlöndum heimsins. Verkefnið mun leiða í ljós möguleika okkar á að nýta þessa aðferð.

Afgreiðsla: Fagráð er á því að um einstaklega mikilvægt verkefni fyrir íslensku nautgriparækt

sé að ræða og mælir með því að það verði styrkt um allt að kr. 6.750.000. Guðný Helga Björnsdóttir, Guðmundur Jóhannesson og Gunnar Kr. Eiríksson viku af fundi við afgreiðslu þessa máls.

e. Þróun fjósbygginga og mjaltatækni 2015-2017

Umsókn frá Landssambandi kúabænda. Verkefnisstjóri er Snorri Sigurðsson. Markmið verkefnisins er að þekkja til þróunar á fjósgerðum hér á landi og þeirrar mjaltatækni sem notuð er, slík þekking er búgreininni mikilvæg sem og hinu opinbera. Með því að fylgjast nákvæmlega með þróuninni má sjá fyrir helstu breytingar á framleiðsluaðstöðu nautgriparæktarinnar. Einnig má nýta slíkar upplýsingar við áætlanagerð varðandi endurnýjunar- og fjárfestingaþörf í búgreininni í víðum skilningi.

Afgreiðsla: Fagráð er á því að um áhugavert verkefni sé að ræða og leggur til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 240.000. Fagráð vill jafnframt benda á að verði framhald á verkefninu síðar væri rétt að hafa í huga að úttektin næði jafnframt til húsvistar og aðstöðu nautgripa til kjötframleiðslu.

Guðný Helga Björnsdóttir, Pétur Diðriksson og Þórarinn Leifsson viku af fundi við afgreiðslu þessa máls.

f. Samyrkjufjós í mjólkurframleiðslu

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjórar eru Gunnar Guðmundsson og Runólfur Sigursveinsson.

Um er að ræða upplýsingasöfnun um kosti og galla þess að reka samyrkjufjós í mjólkurframleiðslu þannig að tiltekinn hópur kúabænda tekur sig saman um rekstur sameiginlegs fjóss. Markmið verkefnisins eru að draga fram kosti og ókosti þessa fyrirkomulags m.t.t. hagkvæmni, fjárfestinga, vinnufyrirkomulags, aðfangaöflunar og eflingar annars búreksturs heima á búum samrekstraraðila.

Afgreiðsla: Fagráð telur málið mjög áhugavert og hugsanlega væri þarna um áhugaverðan kost að ræða fyrir smærri bú. Samrekstur búa gæti verið lykillinn að því að halda mjólkurframleiðslu í mörgum sveitum þar bú eru smá og þörf er á uppbyggingu mjólkurframleiðsluaðstöðu. Mælt er með styrk sem nemur kr. 500.000.

Guðný Helga Björnsdóttir, Guðmundur Jóhannesson og Gunnar Kr. Eiríksson viku af fundi við afgreiðslu þessa máls.

3. Önnur mál

Rætt um næsta fund sem verður að lokinni næstu vinnslu kynbótamats en það verður unnið að loknu október-uppgjöri í skýrsluhaldinu. Gögn verða tekin út 11. nóvember n.k. og má vænta þess að hægt verði að funda í lok nóvember. Pétur nefndi mikilvægi þess að fagráð hafi aðgang að gögnum úr t.d. mjaltaahugun eins og verið hefur. Þannig mætti oft gera sér betur grein hvað lægi að baki kynbótamatinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Gunnar Kr. Eiríksson

Pétur Diðriksson

Þórarinn Leifsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Björn S. Gunnarsson

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 29. september 2016
2. Umsóknir í þróunarsjóð nautgripaæktarinnar